



Alþingi – nefndasvið, atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. október 2023  
UST202310-117/G.S.O.  
04.06

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna banss við hvalveiðum

Vísað er til bréfs dags. 9. október 2023 þar sem atvinnuveganefnd Alþingis sendi Umhverfisstofnun frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna banss við hvalveiðum, 99. mál, til umsagnar.

Með frumvarpinu er lagt til að gera hvalveiðar óheimilar með því að fella brott lög um hvalveiðar, nr. 26/1949, og færa hvali undir lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994.

Umhverfisstofnun bendir á að ríkisstjórnin hyggst samkvæmt þingmálaskrá leggja fram á Alþingi nú í nóvember frumvarp til laga um vernd, velferð og veiðar á villtum dýrum, fuglum og spendýrum. Kemur jafnframt fram í þingmálaskrá að frumvarpið feli í sér heildarendurskoðun gildandi laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994.

Telur stofnunin að eðlilegra og skilvirkara væri að frumvarpið sem hér er til umsagnar um bann við hvalveiðum yrði tekið fyrir í þeirri heildarendurskoðun og að þær breytingar sem frumvarpið felur í sér á lögum nr. 64/1994 yrðu lagðar fram við endurskoðun á lögunum.

Virðingarfyllst,

Gunnhildur Sif Oddsdóttir,  
***lögfræðingur***

Bjarni Jónasson,  
***teymissjóri***